1968 nr. 10 1. apríl
Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel 10. október 1957

Tóku gildi 24. apríl 1968.

■ **1. gr.**

□ Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel 10. október 1957. Fyrirvara má gera um einstök ákvæði, sem ríkisstjórninni þykir við eiga og heimilt er að gera samkvæmt samþykktinni.

□ Samþykktin er prentuð á íslensku og ensku sem fylgiskjöl með lögum þessum.[1)]

[1)] *Sjá Stjtíð. A 1968, bls. 26–37.*